

Fundargerð 367. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 3. apríl 2019, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Fjarverandi:
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kynning á „launaþróunarmælaborði“ Gunnar Gunnarsson hagfræðingur
4. Kjaramál, kjaraviðræður
 - Fundir BSRB með ríkinu
 - Fundir SLFÍ með ríki og borg
5. Bókun 8, framhaldsviðræður
6. Launaskriðstrygging
 - Niðurstaða Hæstaréttar
 - Afgreiðsla Hagstofunnar á beiðni SLFÍ um launaskriðsgögn
7. Gjafabréf WOW
8. Skýrsla formanns, verður rafræn 2019

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur
Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund framkvæmdastjórnar.
2. Fundargerð síðasta fundar
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.
3. Kynning á „launaþróunarmælaborði“ Gunnar Gunnarsson hagfræðingur
SBF bauð Gunnar Gunnarsson hagfræðing velkominn á fundinn og bauð honum að kynna launaþróunarmælaborðið sem hann er að útbúa. Inn í það munu fara helstu tölur, sem varða starfskjör sjúkraliða og mannaflaspá fyrir heilbrigðisstéttir/sjúkraliða þannig að á hverjum tíma er hægt að kalla fram stöðu sjúkraliða varðandi laun/kjör, framgangsgreining, o.fl.

Málið rætt og mikill áhugi fyrir framgangi þess og ákveðið að fara nánar í málið síðar.

4. Kjaramál, kjaraviðræður

- SBF gerði grein fyrir þeim fundum sem haldnir eru á vegum BSRB, bæði við ríkið og Reykjavíkurborg. Þau mál sem helst eru rædd, eru stytting vinnuvikunnar, greiðslur í sjúkrasjóði, skattamál, launaþróunartryggingin, vaktvinnukaflinn og starfsumhverfi opinberra starfsmanna. Jákvæðni hefur einkennt fundina. Fram kom að mjög mikilvægt sé að þessi umræða fari á undan samningaviðræðum félaganna.
- SBF fór yfir þá fundi sem kjaramálanefnd SLFÍ hefur átt með Reykjavíkurborg og ríki. Félagið hefur lagt fram skjal með helstu áherslum félagsins.
- SBF gerði í stuttu máli grein fyrir framgangi grasrótarfundanna víðsvegar um landið.

5. Bókun 8, framhaldsviðræður

SBF fór yfir að enn og aftur hafi verið fundað í uppfærðum vinnuhópi bókar 8, sem fjallar um bókun um viðbótargreiðslur í menntunarsjóði félagsins, sem kom inn í samninginn 2015. Umræður á síðasta fundi voru mun jákvæðari, en þær hafa verið hingað til gagnvart hugmyndum félagsins um útfærslu greiðslnanna og framkvæmd. Verið er að skoða málið í fjármálaráðuneytinu og vonast er eftir jákvæðum viðbrögðum þaðan.

6. Launaskriðstryggingin

Rifjað var upp að Félagsdómur hafi hafnað kröfu ríkislögmans um að launaskriðsmálið ætti ekki heima fyrir félagsdómi á þeirri forsendu að ekki væri um kjaratengd málefni að ræða. Ríkislögmaður kærði þann úrskurð til Hæstaréttar, sem staðfesti niðurstöðu Félagsdóms, þannig að næsta skref er efnisleg fyrirtaka málsins fyrir Félagsdómi.

Nú liggja fyrir útreikningar varðandi síðasta launaskriðstímabilið, en þar kemur fram að sjúkraliðar sem starfa hjá sveit og Reykjavíkurborg eiga inni 1,5% launaleiðréttingu frá 1. janúar 2019, en ekki þeir sem starfa hjá ríki eða SFV.

7. Gjafabréf frá WOW

GÖG gerði grein fyrir að stjórn Orlofssjóðs SLFÍ hafi ákveðið að endurgreiða þeim sem hafa keypt gjafabréf frá WOW og náðu ekki að nýta það fyrir fall flugfélagsins.

8. Skýrsla formanns á fulltrúapingi SLFÍ á komandi vori

SBF fór yfir að ársskýrslan verði með nýju sniði þetta árið. Hún verði rafræn og birtar verði ákveðnar tölulegar upplýsingar varðandi stöðu sjúkraliða kjaramenntunar- og fjöldalega séð svo eitthvað sé nefnt. Umfjöllun verður áfram um störf deildanna og þeirra starfsnefnda sem gert hafa grein fyrir störfum sínum í ársskýrslunni.

Önnur mál

Fundi slitið kl. 18.15